# SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1963

REYKJAVÍK 1964

ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA H.F.

EFNISYFIRLIT

Bls.

**Skýrsla bankastjórnar** ........ 5

1. Þróun efnahagsmála

Inngangur ........ 5
Greiðslujöfnuður og gjaldeyrisstaða ........ 5
Peningamálin ........ 8
Áhrif vaxandi þenslu og kauphækkana ........ 12

2. Starfsemi Seðlabankans

Fyrirgreiðsla vegna framkvæmdaáætlunar ........ 19
Reglur um innstæðubindingu ........ 19
Ávísanauppgjör ........ 19
Reikningshreyfingar ........ 20
Rekstur og hagur ........ 27
Seðlavelta ........ 28
Vaxtakjör ........ 28
Gengisskráning ........ 29
Stofnlánadeild sjávarútvegsins ........ 29
Ríkisábyrgðasjóður ........ 32

**Reikningar 1963** ........ 35

Seðlabanki Íslands

Bankastjórn ........ 44
Bankaráð ........ 45
Helztu starfsmenn ........ 46

# SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

## 1. Þróun efnahagsmála

*INNGANGUR.* Þjóðarframleiðsla Íslendinga hélt áfram að vaxa tiltölulega ört á árinu 1963, þrátt fyrir það að ytri skilyrði væru á ýmsan hátt óhagstæðari en árið áður. Má segja, að framleiðslugeta þjóðarbúsins hafi verið spennt til hins ítrasta á flestum sviðum, enda var um að ræða mjög mikinn vinnuaflsskort og vaxandi þenslu. Samkvæmt bráðabirgðaáætlunum Efnahagsstofnunarinnar er talið, að aukning þjóðarframleiðslunnar á árinu hafi numið 6—7% miðað við árið áður, en samkvæmt endurskoðuðum áætlunum var framleiðsluaukningin um 8% árið 1962. Verðlag á útflutningsafurðum var yfirleitt hagstætt á árinu, og bötnuðu verzlunarkjörin lítið eitt.

Framleiðsluaukningin á árunum 1961 og 1962 átti fyrst og fremst rót sína að rekja til meiri sjávarafla og vinnslu fiskafurða, enda jókst þá útflutningur mjög ört og staða þjóðarbúsins út á við fór batnandi. Þetta breyttist verulega á árinu 1963, en þá varð mun minni aukning á heildarframleiðslu fiskafurða. Nam heildaraflinn á árinu 774 þús. tonnum, en var 832 þús. tonn árið 1962. Á móti þessari lækkun aflamagns kom betri nýting, svo að um nokkra aukningu heildarframleiðslu varð að ræða. Jafnframt varð veruleg framleiðsluaukning á nokkrum öðrum sviðum. Langmest varð hún í byggingariðnaðinum vegna mjög vaxandi fjárfestingar, og komu þar fram áhrif tekjuaukningarinnar árið áður og vaxandi þensla í þjóðarbúskapnum. Er framleiðsluaukning í byggingariðnaðinum áætluð nærri 25%, en um 6% í öðrum iðnaði. Engin framleiðsluaukning mun hafa orðið í landbúnaði á árinu.

Þótt framleiðsluaukningin yrði sú, sem að framan er lýst, breyttist efnahagsástandið mjög til hins verra á árinu. Greiðsluviðskiptin við útlönd snerust úr verulega hagstæðum jöfnuði á árinu 1962 í allmikinn greiðsluhalla á árinu 1963, en jafnframt hækkaði allt kaupgjald og verðlag í landinu stórlega. Verður þróun þessara mála nánar lýst hér á eftir, og verður þá fyrst gefið stutt yfirlit yfir þróunina í gjaldeyrismálum og peningamálum á árinu í heild.

*GREIÐSLUJÖFNUÐUR OG GJALDEYRISSTAÐA.* Á árinu 1963 varð enn mikil aukning á utanríkisviðskiptum




Íslendinga. Innflutningur jókst mun meira á árinu en útflutningur, en það leiddi til þess, að í stað mjög hagstæðs greiðslujafnaðar á árinu 1962 varð nú verulegur halli á greiðsluviðskiptunum við útlönd. Þótt útflutningsframleiðslan ykist hægar en á árunum 1961 og 1962, verður ekki annað sagt en að árið 1963 hafi einnig að þessu leyti verið hagstætt. Heildarverðmæti útflutningsins jókst um 418 millj. miðað við árið áður eða um tæp 12%, en þó lækkuðu birgðir útflutningsafurða í landinu ekki um meira en 53 millj. kr. Innflutningurinn jókst hins vegar miklu örar eða um 879 millj., sem er tæplega 23% aukning. Mikil aukning innflutnings á skipum átti þó nokkurn þátt í þessari aukningu, en séu skip og flugvélar undantekin, jókst heildarverðmæti innflutnings á árinu 1963 um 19%. Orsakanna að þessum stóraukna innflutningi er að leita í aukinni eftirspurn innan lands, bæði vegna vaxandi fjárfestingar og aukinnar neyzlu.

Samkvæmt skýrslum Hagstofunnar var vöruskiptajöfnuðurinn á árinu 1963 óhagstæður um 670 millj. kr., en á árinu 1962 var hann óhagstæður um 209 millj. kr. Í þessum tölum er reiknað með fob.-verði á útflutningi, en cif.-verði á innflutningi. Þótt þetta sé hin almenna venja, gefur það ekki réttan samanburð, þar sem í innflutningstölum eru innifalin flutningsgjöld, tryggingar og annar kostnaður. Sé bæði inn- og útflutningur reiknaður á fob.-verði, kemur í ljós, að vöruskiptajöfnuðurinn hefur verið óhagstæður á árinu 1963 um 265 millj. kr., en á sama hátt reiknað var hann hagstæður um 147 millj. kr. á árinu 1962. Þessi mikla breyting stafar að nokkru leyti af stóraauknum skipainnflutningi, eins og áður



er sagt, en samtals var innflutningur skipa og flugvéla 183 millj. kr. meiri á árinu 1963 en árið áður. Voru alls flutt inn á árinu skip og flugvélar fyrir 378 millj. kr.

Enn sem komið er liggja aðeins fyrir frumáætlanir um greiðslujöfnuðinn í heild á árinu 1963, en samkvæmt þeim hefur viðskiptajöfnuður á vörum og þjónustu verið óhagstæður á árinu um nálægt 250 millj. kr. Segja má, að þessi tala sé sæmilegur mælikvarði á raunverulega afkomu þjóðarbúsins út á við á árinu. Er þetta miklu lakari afkoma en á árinu 1962, en þá reyndist greiðslujöfnuðurinn samkvæmt lokaskýrslum hagstæður um 355 millj. kr., svo að í heild sýnir samanburður þessara tveggja ára um 600 millj. kr. versnandi afkomu út á við. Er þá um leið lokið því stutta tímabili hagstæðs greiðslujafnaðar, sem Íslendingar áttu við að búa á árunum 1961 og 1962.

Þessi miklu umskipti til hins verra í greiðslujöfnuðinum við útlönd komu þó ekki fram í rýrnun gjaldeyrisstöðunnar á árinu 1963. Þvert á móti batnaði gjaldeyrisstaðan um 160 millj., og nam nettógjaldeyriseign bankanna í lok ársins 1.311 millj. kr. Mismunurinn í þróun gjaldeyrisstöðunnar annars vegar og greiðslujafnaðarins hins vegar nam nærri 400 millj. kr., og stafaði hann af því, hve mikið kom inn af lánsfé á árinu umfram afborganir. Alls námu erlendar lántökur á árinu 783 millj. kr., en afborganir 391 millj., svo að skuldir þjóðarbúsins til langs tíma erlendis hækkuðu um 392 millj. kr. Fór hér saman, að opinberar lántökur voru óvenju miklar á árinu, en jafnframt

AÐSTAÐA RÍKISSJÓÐS GAGNVART SEÐLABANKANUM




AÐSTAÐA PENINGASTOFNANA GAGNVART SEÐLABANKANUM






jukust lántökur einkaaðila einnig stórlega, einkum vegna skipakaupa. Stutt erlend vörukaupalán hækkuðu mjög ört fram yfir mitt árið, en frá því í september dró úr vexti þeirra, enda voru settar strangari reglur um notkun þeirra í því skyni að draga úr áhrifum þeirra innan lands. Heildarhækkun slíkra lána á árinu nam 78 millj. kr., en það var mun minni aukning en á árinu 1962.

*PENINGAMÁLIN.* Þróun peningamála á árinu 1963 varð mun óhagstæðari en árin tvö á undan, og einkenndist hún af hinni miklu þenslu innan lands annars vegar, en hins vegar af versnandi greiðslustöðu við útlönd. Aukning innlána varð nú mun minni en árið áður samfara því sem heildarútlán jukust mjög mikið. Mikill munur var á þróuninni fyrra og síðara misseri. Fram um mitt ár jukust bæði innlán og útlán mjög ört. Þegar kom fram á haustið, fór mjög að þrengja að, aukning innlána og útlána stöðvaðist, og þrengdi að um greiðslugetu banka og fyrirtækja. Verður nú rætt um helztu þætti peningamálanna, en síðan vikið að stefnunni í peningamálum í heild og þeim vandamálum, sem nú er við að etja.

Staðan á innlendum reikningum við Seðlabankann batnaði um 92 millj. á árinu 1963, og var það að mestu leyti að þakka batnandi stöðu ríkissjóðs. Á hinn bóginn minnkaði mótvirðisfé um 61 millj. kr. vegna aukinna lána af mótvirði innflutnings landbúnaðarvara frá Bandaríkjunum. Aðstaða banka og annarra peningastofnana við Seðlabankann versnaði um 10 millj. kr.. en hafði batnað um 592 millj. árið 1962. Helztu hreyfingarnar á viðskiptum bankakerfisins við Seðlabankann voru sem hér segir:

Skuldir bankanna vegna endurkaupa á afurðavíxlum hækkuðu um 64 millj. kr., og stafaði sú hækkun svo til öll af auknum endurkaupum landbúnaðar-



# *1. tafla. Gjaldeyrisstaða bankanna.*

| Í þús. kr. | Erl. bankar, verðbréf og mynt, nettó (1) | Erlendir víxlar, nettó (2) | Skuld við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (3) | Skuld við Evrópusjóðinn (4) | Staða í frjálsum gjaldeyri samtals (5) | Staða í vöruskiptagjaldeyri (6) | Gjaldeyrisstaða samtals: Skv. gengi á hverjum tíma (7) | Gjaldeyrisstaða samtals: Umreiknað skv. núverandi gengi (8) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Árslok 1956 | 67,5 | 27,9 | — | — | 95,4 | ÷ 33,4 | 62,0 | 163,9 |
| — 1957 | 10,0 | 22,4 | — | — | 32,4 | ÷ 17,8 | 14,6 | 38,4 |
| — 1958 | 100,9 | 7,3 | — | — | 108,2 | ÷ 21,7 | 86,5 | 228,5 |
| — 1959 | ÷ 46,4 | 6,0 | — | — | ÷ 40,4 | ÷ 14,0 | ÷ 54,4 | ÷143,7 |
| — 1960 | 502,0 | 25,4 | ÷260,3 | ÷266,0 | 1,1 | 111,2 | 112,3 | 126,9 |
| 1961: | | | | | | | | |
| Janúar | 534,5 | 16,8 | ÷260,3 | ÷266,0 | 25,0 | 108,9 | 133,9 | 151,3 |
| Febrúar | 512,1 | 36,3 | ÷260,3 | ÷266,0 | 22,1 | 87,2 | 109,3 | 123,5 |
| Marz | 579,0 | 24,2 | ÷260,3 | ÷266,0 | 76,9 | 54,1 | 131,0 | 148,0 |
| Apríl | 602,1 | 19,6 | ÷260,3 | ÷266,0 | 95,4 | 36,1 | 131,5 | 148,6 |
| Maí | 627,0 | 20,1 | ÷260,3 | ÷266,0 | 120,8 | 12,7 | 133,5 | 150,7 |
| Júní | 680,7 | 7,7 | ÷260,3 | ÷266,0 | 162,1 | ÷ 28,6 | 133,5 | 150,8 |
| Júlí | 669,5 | 29,0 | ÷260,3 | ÷266,0 | 172,2 | ÷ 67,4 | 104,8 | 118,4 |
| Ágúst | 848,2 | 41,9 | ÷294,5 | ÷301,0 | 294,6 | ÷ 64,2 | 230,4 | 230,4 |
| September | 887,2 | 44,5 | ÷294,5 | ÷301,0 | 336,2 | ÷ 85,5 | 250,7 | 250,7 |
| Október | 1.026,8 | 21,4 | ÷294,5 | ÷301,0 | 452,7 | ÷ 63,6 | 389,1 | 389,1 |
| Nóvember | 1.045,5 | 5,9 | ÷294,5 | ÷301,0 | 455,9 | ÷ 62,3 | 393,6 | 393,6 |
| Desember | 1.066,0 | 11,3 | ÷294,5 | ÷215,0 | 567,8 | ÷ 41,2 | 526,6 | 526,6 |
| 1962: | | | | | | | | |
| Janúar | 1.010,7 | 41,6 | ÷294,5 | ÷107,5 | 650,3 | ÷ 63,4 | 586,9 | 586,9 |
| Febrúar | 1.031,4 | ÷ 27,8 | ÷294,5 | — | 709,1 | ÷ 70,0 | 639,1 | 639,1 |
| Marz | 1.135,5 | ÷ 33,7 | ÷294,5 | — | 807,3 | ÷ 20,2 | 787,1 | 787,1 |
| Apríl | 1.220,0 | ÷ 43,8 | ÷294,5 | — | 881,7 | 19,5 | 901,2 | 901,2 |
| Maí | 1.223,0 | ÷ 31,9 | ÷294,5 | — | 896,6 | 66,9 | 963,5 | 963,5 |
| Júní | 1.178,8 | ÷ 96,2 | ÷208,5 | — | 874,1 | 37,8 | 911,9 | 911,9 |
| Júlí | 1.145,1 | ÷110,3 | ÷208,5 | — | 826,3 | 3,8 | 830,1 | 830,1 |
| Ágúst | 1.209,1 | ÷115,0 | ÷208,5 | — | 885,6 | ÷ 6,6 | 879,0 | 879,0 |
| September | 1.076,2 | ÷120,8 | ÷122,5 | — | 832,9 | ÷ 16,6 | 816,3 | 816,3 |
| Október | 1.148,2 | ÷134,2 | ÷122,5 | — | 891,5 | 41,5 | 933,0 | 933,0 |
| Nóvember | 1.216,9 | ÷125,0 | ÷122,5 | — | 969,4 | 41,3 | 1.010,7 | 1.010,7 |
| Desember | 1.381,9 | ÷147,4 | ÷122,5 | — | 1.112,0 | 38,0 | 1.150,0 | 1.150,0 |
| 1963: | | | | | | | | |
| Janúar | 1.323,9 | ÷114,5 | — | — | 1.209,4 | ÷ 26,5 | 1.182,9 | 1.182,9 |
| Febrúar | 1.315,4 | ÷137,5 | — | — | 1.177,9 | 14,4 | 1.192,3 | 1.192,3 |
| Marz | 1.341,6 | ÷139,1 | — | — | 1.202,5 | 24,3 | 1.226,8 | 1.226,8 |
| Apríl | 1.362,2 | ÷148,9 | — | — | 1.213,3 | 53,5 | 1.266,8 | 1.266,8 |
| Maí | 1.447,1 | ÷160,1 | — | — | 1.287,0 | 134,4 | 1.421,4 | 1.421,4 |
| Júní | 1.313,4 | ÷161,0 | — | — | 1.152,4 | 103,6 | 1.256,0 | 1.256,0 |
| Júlí | 1.210,0 | ÷155,0 | — | — | 1.055,0 | 146,5 | 1.201,5 | 1.201,5 |
| Ágúst | 1.142,5 | ÷117,8 | — | — | 1.024,7 | 105,7 | 1.130,4 | 1.130,4 |
| September | 1.131,8 | ÷126,7 | — | — | 1.005,1 | 76,8 | 1.081,9 | 1.081,9 |
| Október | 1.194,9 | ÷116,1 | — | — | 1.078,8 | 75,3 | 1.154,1 | 1.154,1 |
| Nóvember | 1.257,3 | ÷123,3 | — | — | 1.134,0 | 70,8 | 1.204,8 | 1.204,8 |
| Desember | 1.357,3 | ÷131,6 | — | — | 1.225,7 | 85,6 | 1.311,3 | 1.311,3 |

**Skýringar við 1. töflu.** Allar tölur í töflunni, að undanskildum 8. lið, eru miðaðar við skráð gengi á hverjum tíma, þ. e. tölur frá árslokum 1956 til janúarloka 1960 eru miðaðar við skráð gengi fyrir gengisbreytinguna í febrúar 1960, en tölur frá og með ágúst 1961 eru miðaðar við gengi eftir 4. ágúst 1961. Ef umreikna á eldri tölur til núverandi gengis, þarf að margfalda tölur fyrir tímabilið 1956—1959 með 264,1, en með 113,0 fyrir tímabilið 1960—júlí 1961.

1. liður töflunnar sýnir aðstöðu bankanna gagnvart erlendum bönkum, verðbréfaeign, gulleign Seðlabankans, gullframlag til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, seðla og erlenda mynt.
2. liður sýnir nettóeign bankanna af víxlum og ávísunum, sem greiðast eiga í erlendum gjaldeyri.




afurðavíxla. Birgðir sjávarafurða voru hins vegar nokkru minni en árið áður og upphæð endurkaupa í árslok svipuð. Fyrir utan endurkaupin batnaði staða banka og sparisjóða við Seðlabankann um 41 millj. kr., en staða fjárfestingarlánastofnana batnaði um13 millj. kr.

Þótt tiltölulega lítil breyting hafi átt sér stað á heildarstöðu bankakerfisins gagnvart Seðlabankanum á árinu, urðu mjög verulegar breytingar á einstökum liðum þessara viðskipta og þar með á raunverulegri aðstöðu bankanna. Lausafjárstaða bankanna var mjög góð í upphafi ársins, og vegna hagstæðrar innlánsþróunar hélzt hún sterk þangað til í júnímánuði. Brá þá mjög til hins verra, og voru lausar innstæður bankakerfisins hjá Seðlabankanum nærri því 180 millj. kr. lægri í júnílok en í ársbyrjun. Hélzt greiðslustaða bankanna þröng úr því til áramóta, og voru lausar innstæður bankanna þá ekki nema 124 millj. eða 147 millj. kr. lægri en í ársbyrjun. Bönkum þeim, sem komizt höfðu í stuttar skuldir við Seðlabankann, tókst þó að miklu leyti að greiða þær fyrir áramót, en reikningsskuldir og lán gegn verðbréfum voru samtals 2 millj. kr. í árslok, en 4 millj. í lok ársins 1962. Jafnframt þessu jukust bundnar innstæður í Seðlabankanum um 235 millj. á árinu 1963, og átti sú aukning meginþátt í því að koma í veg fyrir verulega rýrnun gjaldeyrisstöðunnar á árinu og veita nauðsynlegt aðhald um útlán bankanna, sem þó hafði ekki veruleg áhrif fyrr en síðara hluta ársins.

Staða ríkissjóðs og ríkisstofnana gagnvart Seðlabankanum batnaði verulega á árinu 1963. Var þetta að mestu leyti að þakka góðri afkomu ríkissjóðs, enda hafði mikill innflutningur í för með sér hækkun ríkistekna. Átti þetta nokkurn, en þó alls ónógan þátt í því að vega á móti aukinni þenslu. Að vísu var innstæða á aðalviðskiptareikningi



ríkissjóðs við Seðlabankann 21 millj. kr. lægri í árslok 1963 en í lok fyrra árs, en þá höfðu verið færðar 100 millj. af tekjuafgangi ársins 1962 á sérstakan reikning á nafni Jöfnunarsjóðs samkvæmt lögum nr. 41/1932. Þá átti það einnig þátt í betri stöðu ríkissjóðs og ríkisstofnana, að verulegt ónotað lánsfé var á reikningi ríkissjóðs um áramótin; aftur á móti hækkuðu verðbréfaskuldir, en þar var að miklu leyti um að ræða formbreytingar á viðskiptum ríkissjóðs við Seðlabankann.

Eins og áður segir, átti sér stað mikil þensla í viðskiptum bankakerfisins á árinu 1963, og varð hlutfallið á milli aukningar útlána annars vegar og innlána hins vegar mun óhagstæðara en undanfarin ár. Aukning spariinnlána í bönkum og sparisjóðum nam samtals 724 millj. kr. á móti 772 millj. kr. aukningu á árinu 1962. Umskiptin urðu þó raunverulega skarpari en þessar tölur bera með sér, því að fyrra helming ársins 1963 var aukning spariinnlána mun meiri en árið áður, en síðara helm-

SEÐLAVELTA




PENINGAMAGN




ing ársins skipti mjög til hins verra, og aukningin stöðvaðist svo að segja alveg frá því í ágúst, ef frá er talin hækkun vegna vaxtagreiðslna í desember. Hliðstæða sögu er að segja um veltiinnlánin, en þau jukust mjög mikið fram í lok maí, en lækkuðu síðan og voru í árslok 64 millj. kr. lægri en í upphafi ársins. Er þetta glöggt merki minnkandi greiðslugetu, enda jókst peningamagn í heild, þ. e. a. s. veltiinnlán og seðlavelta, að heita má ekkert á árinu.

Útlánaaukning banka og sparisjóða á árinu 1963 nam 762 millj. kr., en það er tæplega 15% aukning. Aftur á móti jukust heildarinnstæður aðeins um 660 millj. kr., svo að útlánaaukningin var 102 millj. meiri en aukning innlána. Er þetta miklu óhagstæðari útkoma en árin tvö á undan, en þá var aukning innlána verulega umfram útlánaaukningu, og speglaðist sú þróun í batnandi stöðu bankakerfisins gagnvart Seðlabankan-

um og vaxandi gjaldeyrisforða. Verður nú nokkru nánar vikið að heildarþróun peninga- og gjaldeyrismála á árinu 1963 og þeirri miklu breytingu, sem þá átti sér stað í efnahagsmálum þjóðarinnar.

*ÁHRIF VAXANDI ÞENSLU OG KAUPHÆKKANA.* Í síðustu ársskýrslu Seðlabankans var á það bent, að útlit væri fyrir, að greiðslujöfnuðurinn við útlönd á árinu 1963 yrði óhagstæðari en verið hafði undanfarin tvö ár. Enn fremur var lögð áherzla á það að gera þyrfti ráðstafanir til þess að hamla gegn vaxandi þenslu eftirspurnar og koma á festu í kaupgjaldsmálum. Vonir stóðu til, að með sæmilegu aðhaldi í þessum efnum gæti tekizt að halda þolanlegu jafnvægi út á við og á vinnumarkaðinum á árinu 1963 þrátt fyrir þær miklu framkvæmdir, sem fyrirsjáanlegar voru bæði hjá einkaaðilum og innan framkvæmdaáætlunar ríkisins.

Eftir því sem á árið leið, kom skýrar í ljós, að aukning eftirspurnar yrði meiri og örari en áætlað hafði verið, og birtist það í stórauknum innflutningi, vinnuaflsskorti og óeðlilegri hækkun fasteignaverðs. Áframhaldandi launahækkanir og mikil lánsfjárþensla átti hvort tveggja þátt í þessari þróun. Við þetta bættist svo vaxandi ótti við áframhaldandi hækkanir kaupgjalds og verðlags. Þenslan jókst þannig stig af stigi fyrir áhrif tekjuaukningar annars vegar, en vaxandi vantrúar á framtíðarverðgildi peninga hins vegar. Jók þetta mjög á spennuna á vinnumarkaðinum og ýtti undir fjárfestingu einkaaðila.

Nauðsynlegar ráðstafanir voru ekki gerðar í peningamálum til þess að hamla á móti þessari þróun fyrra helming ársins 1963. Nægilegt fjármagn var því fyrir hendi til þess, að eftirspurnarþenslan gæti þróazt ört. Staða bankakerfisins gagnvart Seðlabankanum var hagstæð og sparifjáraukning mikil framan af árinu, og ýtti þetta hvort tveggja undir mikla útlánaaukningu viðskiptabanka og sparisjóða. Auk þess var lausafjárstaða fyrirtækja og almennings óvenjulega rúm fyrra helming ársins vegna góðrar afkomu og mikillar aukningar bankainnstæðna á undanförnum árum. Við þetta bættist svo stóraukin notkun greiðslufrests erlendis samfara auknum innflutningi. Þegar verðbólguóttinn fór að grípa um sig, voru því framan af nægir fjármunir fyrir hendi til þess, að eftirspurnin gæti aukizt hröðum skrefum. Þetta fór hins vegar að smábreytast, eftir að komið var fram yfir mitt árið, og kom þar bæði til hin almenna þróun á peninga-



markaðinum og nýjar aðgerðir í peningamálum.

Þegar kom fram í september, var af hálfu Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar gerð tilraun til þess að hamla nokkuð á móti þenslunni með peningalegum aðgerðum. Samkomulag var gert milli Seðlabankans og viðskiptabankanna um aðhald í útlánum, en jafnframt var vaxtakjörum þeim, sem viðskiptabankarnir búa við hjá Seðlabankanum, breytt í því skyni að skapa meira aðhald í þessum efnum. Enn fremur voru settar strangari reglur um notkun greiðslufrests erlendis vegna innfluttra vara. Var heimild til notkunar greiðslufrests felld niður varðandi nokkra vöruflokka, en þrengri reglur settar um aðra, einkum að því er varðar lánstíma.

Hinn vaxandi lánsfjárskortur, sem fór að setja svip sinn á efnahagsstarfsemina, þegar á árið leið, átti þó aðrar djúptækari orsakir. Hin mikla þensla samfara síhækkandi kaupgjaldi þrengdi æ meir að greiðslugetu fyrirtækja. Mörg þeirra festu rekstrarfé sitt að verulegu leyti í ógætilegum fjárfestingum af ótta við áframhaldandi verðhækkanir, en jafnframt hækkaði rekstrarkostnaður, svo að það rekstrarfé, sem eftir var, hrökk skemmra en áður. Samtímis þrengdi að í viðskiptabönkunum, en staða þeirra gagnvart Seðlabankanum versnaði mjög í júnímánuði og hélzt síðan erfið út árið. Átti stöðvun innlánsaukningar meginþátt í vaxandi þrengingum á lánsfjármarkaðinum, en aukning innlána frá maílokum til áramóta var innan við fjórða hluta þess, sem hún hafði verið á sama tímabili árið áður. Síðast á árinu urðu svo enn miklar kauphækkanir, sem juku þá rekstrarfjárörðugleika, sem áður voru farnir að segja til sín.

Úr þeim erfiðleikum, sem þannig hafa skapazt, verður ekki bætt með einföldum hætti. Útlánaaukning bankanna umfram þann raunverulega sparnað, sem á sér stað með nýjum innlánum, mundi aðeins leiða til nýrrar peningaþenslu úr Seðlabankanum og rýrnandi gjaldeyrisstöðu. Menn verða að horfast í augu við þá staðreynd, að hin mikla þensla, sem átti sér stað hér á landi á árinu 1963 og einkenndist bæði af víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags og ört vaxandi neyzlu og fjárfestingarkapphlaupi, hefur skapað margvíslegt efnahagslegt tjón, sem aðeins er hægt að bæta úr á löngum tíma. Einna ljósast kemur þetta fram á lánsfjármarkaðnum. Þannig hafa verðhækkanirnar dregið úr sparifjármyndun, eytt rekstrarfé fyrirtækja og rýrt verðgildi fjárfestingarsjóða og hvers konar sparnaðar og kippt þannig fótum undan heilbrigðum framkvæmdum og uppbyggingu. Það þarf reyndar engan að undra, þótt svo fari, þegar reynt er að eyða meiru en aflast. Mismunurinn hlýtur að koma fram í því, að minna sé afgangs til þess að búa í haginn fyrir framtíðina. Hinar miklu launahækkanir á árinu 1963 ásamt þeirri aukningu neyzlu, sem þeim hafa verið samfara, hljóta því að skapa þá nauðsyn, að dregið sé úr fjárfestingu og framkvæmdum frá því sem verið hefur.

Annað vandamál, sem horfast verður í augu við, eru áhrif hins stórhækkaða framleiðslukostnaðar á samkeppnisaðstöðu atvinnuveganna út á við. Fyrir ári síðan þótti ástæða til þess að varpa fram þeirri spurningu, hvort útflutn-

ingsatvinnuvegirnir gætu borið þær kauphækkanir, sem þá voru orðnar. Síðan hefur almennt kaupgjald í landinu hækkað um nærri 30%. Áframhaldandi verðhækkanir útflutningsafurða hafa bætt hér nokkuð úr skák, en þó hefur nú eftir áramótin þótt óhjákvæmilegt, að ríkissjóður bætti nokkrum greinum sjávarútvegsins upp hluta þeirra miklu kauphækkana, sem þær hafa þurft að taka á sig. Með þessu hefur tekizt að forða stóráföllum, en því fer vafalaust fjarri, að íslenzkir atvinnuvegir hafi nú þá samkeppnisaðstöðu, sem æskileg væri fyrir heilbrigða þróun þjóðarbúskaparins. Á þetta ekki eingöngu við nokkrar greinar sjávarútvegsins, heldur einnig aðrar atvinnugreinar, t. d. í iðnaði og samgöngum, sem í beinastri samkeppni eru við erlendar vörur og þjónustu. Hér er því sannarlega teflt á tæpasta vað, ef ekki á að draga úr framleiðsluaukningu og hagvexti.

Áframhald þeirrar þróunar, sem hér hefur verið lýst, mundi því augljóslega skapa ófyrirsjáanlega örðugleika fyrir alla afkomu þjóðarbúsins, og setja allt það í hættu, sem mest kapp hefur verið lagt á að tryggja á undanförnum árum: atvinnuöryggi launþega, uppbyggingu atvinnuveganna og efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.

Ýmislegt bendir til, að nú geti gefizt betra tækifæri en um langt skeið undanfarið til þess að snúa af þessari braut, þar sem sú alda verðhækkana, sem hófst í kjölfar kaupgjaldshækkana síðasta árs nálgast nú hámark, og almennari skilningur virðist ríkja á nauðsyn þess að koma í veg fyrir að slík alda rísi á ný. Hér er því komið að krossgötum, þar sem leita verður nýrra leiða til þess að koma á jafnvægi í efnahagsmálum. Þótt eðlilegt sé, að megináherzla verði þá lögð á almenna launa- og verðlagsstöðvun vegna þess, hve alvarleg þróunin hefur verið í þeim efnum, má hitt ekki gleymast, að án heilbrigðrar stefnu í peningamálum og fjármálum ríkisins, er tryggi viðunandi jafnvægi á milli framboðs og eftirspurnar í heild, eru allar stöðvunarleiðir í launa- og verðlagsmálum líklegar til að enda í ófæru fyrr eða síðar. Reynsla Íslendinga og fjölda annarra þjóða hefur sýnt, að ókleift er að sameina til lengdar stöðugt verðlag ásamt nægri atvinnu, nema saman fari aðhald í verðlags- og launamálum annars vegar og í peninga- og fjármálum hins vegar. Almennur skilningur á þessum meginatriðum er því nauðsynlegur grundvöllur nýrrar og heilbrigðari stefnu í efnahagsmálum.

## 2. tafla. Yfirlitstölur úr reikningum banka og sparisjóða.

| Í millj. kr. | Peningamagn (seðlar og tékkareikningar) (1) | Sparifé (að frádregnum innstæðum í ávísanabókum) (2) | Mótvirðisfé og geymslufé (3) | Heildarútlán viðskiptabanka og sparisjóða (4) | Lán Seðlab. til ríkissjóðs og fjárfest.l.st. nettó (5) | Gjaldeyrisstaða bankanna (6) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Árslok 1956 ...... | 770,5 | 1.234,4 | 234,5 | 2.463,0 | 150,3 | 62,1 |
| „ 1957 ...... | 891,6 | 1.396,6 | 280,1 | 2.744,6 | 167,0 | 14,5 |
| „ 1958 ...... | 1.037,6 | 1.578,3 | 325,4 | 3.279,3 | 131,7 | 86,5 |
| „ 1959 ...... | 1.146,0 | 1.828,6 | 312,3 | 3.899,0 | 110,2 | ÷ 54,4 |
| „ 1960 ...... | 1.125,1 | 2.194,6 | 313,7 | 4.196,7 | 85,7 | 112,3 |
| Mánaðarlok 1961: | | | | | | |
| Janúar ......... | 1.123,2 | 2.196,9 | 296,9 | 4.114,7 | 132,7 | 133,9 |
| Febrúar ....... | 1.101,8 | 2.211,4 | 305,2 | 4.132,3 | 149,8 | 109,3 |
| Marz .......... | 1.143,2 | 2.230,6 | 313,2 | 4.213,1 | 163,8 | 131,0 |
| Apríl .......... | 1.210,0 | 2.261,3 | 315,6 | 4.293,8 | 147,8 | 131,5 |
| Maí ............ | 1.253,7 | 2.310,6 | 322,8 | 4.429,3 | 151,8 | 133,5 |
| Júní ........... | 1.265,9 | 2.351,9 | 336,6 | 4.474,8 | 247,0 | 133,5 |
| Júlí ............ | 1.371,0 | 2.402,1 | 333,4 | 4.568,6 | 277,4 | 104,8 |
| Ágúst .......... | 1.538,3 | 2.435,7 | 317,6 | 4.659,9 | 266,3 | 230,4 |
| September ..... | 1.487,9 | 2.485,7 | 329,4 | 4.713,4 | 300,4 | 250,7 |
| Október ....... | 1.533,1 | 2.540,5 | 346,0 | 4.714,4 | 323,1 | 389,1 |
| Nóvember ...... | 1.470,9 | 2.551,2 | 361,1 | 4.667,1 | 256,6 | 393,6 |
| Desember ...... | 1.448,4 | 2.743,2 | 305,8 | 4.547,9 | 344,8 | 526,6 |
| Mánaðarlok 1962: | | | | | | |
| Janúar ......... | 1.483,2 | 2.791,3 | 314,9 | 4.507,8 | 409,7 | 586,9 |
| Febrúar ....... | 1.487,0 | 2.828,4 | 334,7 | 4.538,4 | 418,2 | 639,1 |
| Marz .......... | 1.534,6 | 2.860,9 | 359,0 | 4.549,4 | 415,5 | 722,7 |
| Apríl .......... | 1.672,3 | 2.907,6 | 421,7 | 4.638,3 | 427,8 | 901,2 |
| Maí ............ | 1.733,1 | 2.985,4 | 433,9 | 4.750,0 | 436,3 | 963,5 |
| Júní ........... | 1.679,4 | 3.042,4 | 425,2 | 4.823,5 | 428,2 | 911,9 |
| Júlí ............ | 1.693,1 | 3.100,1 | 422,1 | 4.922,7 | 456,5 | 830,1 |
| Ágúst ......... | 1.732,7 | 3.139,2 | 426,1 | 4.952,6 | 492,5 | 879,0 |
| September .... | 1.823,9 | 3.205,7 | 433,0 | 5.195,6 | 477,6 | 816,3 |
| Október ....... | 1.854,6 | 3.267,3 | 441,4 | 5.239,6 | 500,5 | 933,0 |
| Nóvember ..... | 1.813,4 | 3.270,0 | 448,3 | 5.210,5 | 417,7 | 1.010,7 |
| Desember ...... | 1.740,0 | 3.514,9 | 462,2 | 5.132,9 | 392,4 | 1.150,0 |
| Mánaðarlok 1963: | | | | | | |
| Janúar ......... | 1.859,3 | 3.589,6 | 477,0 | 5.202,4 | 473,9 | 1.182,9 |
| Febrúar ....... | 1.803,7 | 3.636,8 | 481,5 | 5.247,0 | 435,5 | 1.192,3 |
| Marz .......... | 1.802,4 | 3.662,7 | 432,2 | 5.315,6 | 376,2 | 1.226,8 |
| Apríl .......... | 1.965,4 | 3.690,3 | 442,8 | 5.412,0 | 397,5 | 1.266,8 |
| Maí ............ | 2.006,6 | 3.813,6 | 450,2 | 5.605,4 | 302,5 | 1.421,4 |
| Júní ........... | 1.843,1 | 3.862,5 | 442,7 | 5.738,1 | 238,4 | 1.256,0 |
| Júlí ........... | 1.837,9 | 3.932,2 | 428,5 | 5.850,7 | 249,4 | 1.201,5 |
| Ágúst .......... | 1.827,4 | 3.950,5 | 451,1 | 5.972,6 | 248,7 | 1.130,4 |
| September ..... | 1.940,0 | 3.955,6 | 448,5 | 6.134,5 | 270,7 | 1.081,9 |
| Október ....... | 1.908,6 | 3.976,1 | 457,4 | 6.121,4 | 263,4 | 1.154,1 |
| Nóvember ..... | 1.908,8 | 3.952,8 | 444,8 | 6.142,3 | 170,9 | 1.204,8 |
| Desember ..... | 1.751,0 | 4.239,2 | 400,8 | 5.895,4 | 232,3 | 1.311,3 |

1) Peningamagn: Samanlögð seðlavelta, innstæður í sparisjóðsávísanareikningum og hlaupareikningum viðskiptabanka og sparisjóða að frádregnu geymslufé vegna innflutnings og enn fremur hlaupareikningsinnstæður í Seðlabankanum aðrar en innstæður ríkissjóðs og mótvirði bandarískra vörukaupalána (P.L. 480 lána).
2) Mótvirðisfé og geymslufé: Auk mótvirðisfjár á reikningum Seðlabankans er hér með talið mótvirði bandarískra vörukaupalána og geymslufé vegna innflutnings.
3) Heildarútlán: Sama tala og í 9. dálki 4. töflu.
4) Lán Seðlabanka til ríkissjóðs og fjárfestingarlánastofnana, nettó: Samanlagðar tölur úr 2., 5. og 6. dálki í 3. töflu.
5) Gjaldeyrisstaða bankanna: Sama tala og í 7. dálki í 1. töflu.

## 3. tafla. Úr reikningum Seðlabankans.

| Í millj. kr. | Seðla-velta (1) | Aðstaða ríkissj. og ríkisstofn. (nettó) (2) | Endurk. víxlar (3) | Aðstaða banka og sparisjóða (nettó) (4) | Aðstaða fjárfest.-lánastofnana (nettó) (5) | Verð-bréf (6) | Mótvirðisfé (7) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Árslok 1956 ...... | 347,9 | ÷ 70,9 | ÷ 416,2 | ÷ 92,7 | ÷ 44,2 | ÷ 35,2 | 190,4 |
| „ 1957 ...... | 362,8 | ÷ 76,9 | ÷ 457,8 | ÷ 79,1 | ÷ 46,5 | ÷ 43,6 | 198,1 |
| „ 1958 ...... | 407,4 | ÷ 40,8 | ÷ 644,6 | ÷ 74,1 | ÷ 39,1 | ÷ 51,8 | 207,8 |
| „ 1959 ...... | 412,2 | 23,2 | ÷ 857,5 | ÷ 83,0 | ÷ 37,9 | ÷ 95,5 | 226.9 |
| „ 1960 ...... | 414,0 | 55,4 | ÷ 737,2 | ÷ 76,2 | ÷ 28,8 | ÷ 112,3 | 232,2 |
| Mánaðarlok 1961: | | | | | | | |
| Janúar ......... | 369,7 | 12,3 | ÷ 643,5 | ÷ 11,2 | ÷ 23,5 | ÷ 121,5 | 219,3 |
| Febrúar ....... | 367,7 | ÷ 6,5 | ÷ 572,1 | ÷ 62,2 | ÷ 21,4 | ÷ 121,9 | 226,1 |
| Marz .......... | 391,6 | ÷ 8,1 | ÷ 609,8 | ÷ 30,3 | ÷ 37,0 | ÷ 118,7 | 232,9 |
| Apríl .......... | 401,6 | ÷ 17,6 | ÷ 692,4 | 34,2 | ÷ 10,8 | ÷ 119,3 | 235,4 |
| Maí ........... | 429,0 | ÷ 24,1 | ÷ 738,3 | 24,3 | ÷ 4,7 | ÷ 123,0 | 240,3 |
| Júní ........... | 434,1 | ÷ 110,2 | ÷ 714,5 | 66,0 | ÷ 4,5 | ÷ 132,2 | 242,4 |
| Júlí ........... | 455,5 | ÷ 126,4 | ÷ 754,1 | 121,3 | ÷ 10,6 | ÷ 140,4 | 242,2 |
| Ágúst ......... | 470,5 | ÷ 66,5 | ÷ 858,2 | 285,3 | ÷ 61,0 | ÷ 138,8 | 231,0 |
| September ..... | 493,2 | ÷ 15,8 | ÷ 885,0 | 314,9 | ÷ 114,5 | ÷ 169,7 | 239,5 |
| Október ....... | 471,5 | 33,2 | ÷ 892,5 | 447,4 | ÷ 190,0 | ÷ 166,3 | 248,8 |
| Nóvember ...... | 479,6 | 126,7 | ÷ 829,1 | 398,2 | ÷ 218,6 | ÷ 164,7 | 256,3 |
| Desember ...... | 509,9 | 154,6 | ÷ 794,7 | 543,7 | ÷ 297,7 | ÷ 201,7 | 205,2 |
| Mánaðarlok 1962: | | | | | | | |
| Janúar ......... | 451,0 | 88,7 | ÷ 666,6 | 582,7 | ÷ 277,3 | ÷ 221,1 | 214,2 |
| Febrúar ....... | 439,2 | 92,3 | ÷ 585,2 | 617,8 | ÷ 288,8 | ÷ 221,7 | 232,4 |
| Marz .......... | 468,0 | 115,2 | ÷ 594,0 | 699,1 | ÷ 312,0 | ÷ 218,8 | 254.9 |
| Apríl .......... | 478,6 | 94,9 | ÷ 648,3 | 804,4 | ÷ 299,2 | ÷ 223,5 | 306,0 |
| Maí ........... | 515,8 | 94,5 | ÷ 647,4 | 814,2 | ÷ 306,7 | ÷ 224,1 | 328,3 |
| Júní ........... | 527,9 | 117,0 | ÷ 575,4 | 736,8 | ÷ 315,3 | ÷ 229,9 | 327,7 |
| Júlí ........... | 532,2 | 98,1 | ÷ 629,7 | 743,3 | ÷ 327,4 | ÷ 227,2 | 330,1 |
| Ágúst ......... | 535,7 | 60,8 | ÷ 719,0 | 895,5 | ÷ 327,6 | ÷ 225,7 | 344.6 |
| September .... | 583,8 | 65,0 | ÷ 822,3 | 909,0 | ÷ 307,6 | ÷ 238,8 | 358,2 |
| Október ....... | 568,5 | 75,7 | ÷ 798,6 | 962,6 | ÷ 322,2 | ÷ 253,9 | 366,1 |
| Nóvember ..... | 563,6 | 143,2 | ÷ 724,8 | 936,2 | ÷ 303,0 | ÷ 257,9 | 367,8 |
| Desember ...... | 583,8 | 234,1 | ÷ 682,3 | 1.057,9 | ÷ 331,8 | ÷ 294,6 | 391,2 |
| Mánaðarlok 1963: | | | | | | | |
| Janúar ......... | 540,9 | 167,4 | ÷ 606,0 | 1.113,0 | ÷ 356,2 | ÷ 285,1 | 404,2 |
| Febrúar ....... | 526,2 | 236,6 | ÷ 554,2 | 1.092,2 | ÷ 350,9 | ÷ 321,2 | 406,5 |
| Marz .......... | 561,4 | 284,7 | ÷ 580,8 | 1.088,8 | ÷ 335,6 | ÷ 325,3 | 354,5 |
| Apríl .......... | 577,4 | 269,0 | ÷ 687,3 | 1.196,5 | ÷ 340,3 | ÷ 326,2 | 357,2 |
| Maí ........... | 624,6 | 365,0 | ÷ 726,1 | 1.184,7 | ÷ 321,1 | ÷ 346,4 | 354,7 |
| Júní ........... | 626,4 | 412,2 | ÷ 707,8 | 1.009,8 | ÷ 343,0 | ÷ 307,6 | 351,5 |
| Júlí ........... | 626,6 | 383,6 | ÷ 757,3 | 1.011,0 | ÷ 343,1 | ÷ 289,9 | 335,0 |
| Ágúst ......... | 636,1 | 394,0 | ÷ 825,1 | 964,5 | ÷ 352,5 | ÷ 290,2 | 362,1 |
| September ..... | 669,2 | 368,8 | ÷ 927,9 | 1.050,2 | ÷ 349,6 | ÷ 289,9 | 363,7 |
| Október ....... | 653,7 | 368,8 | ÷ 921,3 | 1.081,2 | ÷ 354,4 | ÷ 277,9 | 375,4 |
| Nóvember ..... | 646,9 | 415,6 | ÷ 905,8 | 1.075,6 | ÷ 316,7 | ÷ 269,8 | 357,5 |
| Desember ..... | 654,4 | 440,7 | ÷ 746,6 | 1.099,4 | ÷ 319,2 | ÷ 353,8 | 330,1 |

1) Tölur í 2., 4. og 5. dálki sýna reikningsstöðu ríkissjóðs og ríkisstofnana, banka og sparisjóða og fjárfestingarlánastofnana við Seðlabankann.

2) Mótvirðisfé: Þarna er auk mótvirðisfjár á nafni ríkissjóðs og Framkvæmdabankans talið mótvirði bandarískra vörukaupalána (P.L. 480).

*4. tafla. Úr reikningum viðskiptabanka og sparisjóða.*

| Í millj. kr. | Spariinnlán | | | Veltiinnlán (að meðtöldu geymslufé og innstæðum í ávísanabókum) | | | Útlán | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Bankar* | Sparisjóðir | Samtals | Bankar* | Sparisjóðir | Samtals | Bankar* | Sparisjóðir | Samtals |
| | (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) | (7) | (8) | (9) |
| Árslok 1956 ...... | 959,8 | 274,6 | 1.234,4 | 453,8 | 12,7 | 466,5 | 2.196,6 | 266,4 | 2.463,0 |
| „ 1957 ...... | 1.079,6 | 317,0 | 1.396,6 | 596,1 | 14,8 | 610,9 | 2.444,9 | 299,7 | 2.744,6 |
| „ 1958 ...... | 1.194,6 | 383,7 | 1.578,3 | 723,5 | 23,8 | 747,3 | 2.915,1 | 364,2 | 3.279,3 |
| „ 1959 ...... | 1.378,0 | 450,6 | 1.828,6 | 779,5 | 37,9 | 817,4 | 3.449,3 | 449,7 | 3.899,0 |
| „ 1960 ...... | 1.672,1 | 522,5 | 2.194,6 | 760,9 | 29,4 | 790,3 | 3.712,4 | 484,3 | 4.196,7 |
| Mánaðarlok 1961: | | | | | | | | | |
| Janúar ......... | 1.689,4 | 507,5 | 2.196,9 | 790,3 | 38,1 | 828,4 | 3.635,7 | 479,0 | 4.114,7 |
| Febrúar ....... | 1.700,8 | 510,6 | 2.211,4 | 774,6 | 36,1 | 810,7 | 3.650,1 | 482,2 | 4.132,3 |
| Marz .......... | 1.714,3 | 516,3 | 2.230,6 | 803,9 | 25,9 | 829,8 | 3.725,7 | 487,4 | 4.213,1 |
| Apríl .......... | 1.740,7 | 520,6 | 2.261,3 | 854,6 | 31,1 | 885,7 | 3.800,6 | 493,2 | 4.293,8 |
| Maí ............ | 1.778,1 | 532,5 | 2.310,6 | 872,2 | 32,4 | 904,6 | 3.930,8 | 498,5 | 4.429,3 |
| Júní ........... | 1.811,2 | 540,7 | 2.351,9 | 889,1 | 34,4 | 923,5 | 3.967,9 | 506,9 | 4.474,8 |
| Júlí ........... | 1.847,6 | 554,5 | 2.402,1 | 962,4 | 41,9 | 1.004,3 | 4.056,2 | 512,4 | 4.568,6 |
| Ágúst .......... | 1.873,3 | 562,4 | 2.435,7 | 1.086,3 | 65,2 | 1.151,5 | 4.136,4 | 523,5 | 4.659,9 |
| September ..... | 1.913,6 | 572,1 | 2.485,7 | 1.037,5 | 44,0 | 1.081,5 | 4.178,3 | 535,1 | 4.713,4 |
| Október ....... | 1.946,6 | 593,9 | 2.540,5 | 1.108,4 | 47,5 | 1.155,9 | 4.156,3 | 558,1 | 4.714,4 |
| Nóvember ...... | 1.957,8 | 593,4 | 2.551,2 | 1.049,9 | 42,9 | 1.092,8 | 4.103,7 | 563,4 | 4.667,1 |
| Desember ...... | 2.101,9 | 641,3 | 2.743,2 | 990,9 | 43,2 | 1.034,1 | 3.973,4 | 574,5 | 4.547,9 |
| Mánaðarlok 1962: | | | | | | | | | |
| Janúar ......... | 2.140,3 | 651,0 | 2.791,3 | 1.080,5 | 46,6 | 1.127,1 | 3.937,8 | 570,0 | 4.507,8 |
| Febrúar ....... | 2.171,7 | 656,7 | 2.828,4 | 1.096,1 | 47,9 | 1.144,0 | 3.956,6 | 581,8 | 4.538,4 |
| Marz .......... | 2.196,3 | 664,6 | 2.860,9 | 1.128,9 | 36,4 | 1.165,3 | 3.959,2 | 590,2 | 4.549,4 |
| Apríl .......... | 2.227,3 | 680,3 | 2.907,6 | 1.245,5 | 53,1 | 1.298,6 | 4.035,4 | 602,9 | 4.638,3 |
| Maí ............ | 2.288,7 | 696,7 | 2.985,4 | 1.258,9 | 53,0 | 1.311,9 | 4.132,9 | 617,1 | 4.750,0 |
| Júní ........... | 2.335,0 | 707,4 | 3.042,4 | 1.180,8 | 56,9 | 1.237,7 | 4.187,9 | 635,6 | 4.823,5 |
| Júlí ........... | 2.386,6 | 713,5 | 3.100,1 | 1.180,0 | 60,8 | 1.240,8 | 4.278,6 | 644,1 | 4.922,7 |
| Ágúst .......... | 2.419,9 | 719,3 | 3.139,2 | 1.204,9 | 63,7 | 1.268,6 | 4.298,5 | 654,1 | 4.952,6 |
| September .... | 2.468,2 | 737,5 | 3.205,7 | 1.233,0 | 72,5 | 1.305,5 | 4.523,4 | 672,2 | 5.195,6 |
| Október ....... | 2.514,0 | 753,3 | 3.267,3 | 1.286,4 | 65,6 | 1.352,0 | 4.553,2 | 686,4 | 5.239,6 |
| Nóvember ..... | 2.516,3 | 753,7 | 3.270,0 | 1.251,8 | 69,4 | 1.321,2 | 4.514,8 | 695,7 | 5.210,5 |
| Desember ...... | 2.703,5 | 811,4 | 3.514,9 | 1.151,9 | 62,0 | 1.213,9 | 4.420,6 | 712,3 | 5.132,9 |
| Mánaðarlok 1963: | | | | | | | | | |
| Janúar ......... | 2.773,9 | 815,7 | 3.589,6 | 1.310,1 | 69,7 | 1.379,8 | 4.493,3 | 709,1 | 5.202,4 |
| Febrúar ....... | 2.805,3 | 831,5 | 3.636,8 | 1.270,5 | 68,9 | 1.339,4 | 4.526,7 | 720,3 | 5.247,0 |
| Marz .......... | 2.828,2 | 834,5 | 3.662,7 | 1.253,1 | 52,9 | 1.306,0 | 4.583,3 | 732,3 | 5.315,6 |
| Apríl .......... | 2.844,2 | 846,1 | 3.690,3 | 1.398,6 | 61,9 | 1.460,5 | 4.670,7 | 741,3 | 5.412,0 |
| Maí ............ | 2.946,1 | 867,5 | 3.813,6 | 1.386,3 | 61,9 | 1.448,2 | 4.848,7 | 756,7 | 5.605,4 |
| Júní ........... | 2.991,9 | 870,6 | 3.862,5 | 1.229,6 | 65,7 | 1.295,3 | 4.966,4 | 771,7 | 5.738,1 |
| Júlí ........... | 3.058,7 | 873,5 | 3.932,2 | 1.220,7 | 71,5 | 1.292,2 | 5.062,5 | 788,2 | 5.850,7 |
| Ágúst .......... | 3.068,7 | 881,8 | 3.950,5 | 1.204,9 | 63,3 | 1.268,2 | 5.178,6 | 794,0 | 5.972,6 |
| September ..... | 3.075,8 | 879,8 | 3.955,6 | 1.267,2 | 76,1 | 1.343,3 | 5.330,1 | 804,4 | 6.134,5 |
| Október ....... | 3.095,6 | 880,5 | 3.976,1 | 1.253,8 | 71,2 | 1.325,0 | 5.310,8 | 810,6 | 6.121,4 |
| Nóvember ..... | 3.077,4 | 875,4 | 3.952,8 | 1.271,1 | 64,7 | 1.335,8 | 5.335,2 | 807,1 | 6.142,3 |
| Desember ..... | 3.299,4 | 939,8 | 4.239,2 | 1.083,5 | 66,7 | 1.150,2 | 5.085,5 | 809,9 | 5.895,4 |

1) Innlánin, eins og þau koma fram í töflunni, eru nettóinnlán, þ. e. að frádregnum innlánum stofnana hverrar hjá annarri.
2) Spariinnlán eru hér tilgreind að frádregnum innstæðum í sparisjóðsávísanabókum.
3) Með veltiinnlánum er talið geymslufé vegna innflutnings og innstæður í sparisjóðsávísanabókum.
* Sparisjóður Húsavíkur og Sparisjóður Húnavatnssýslu eru taldir með bönkunum.
Þar eð Samvinnusparisjóðnum hefur verið breytt í banka, eru tölur um hann innifaldar í tölum um bankana.

*5. tafla. Innlán og útlán banka og sparisjóða.*

| | 1959 | 1960 | 1961 | 1962 | 1963 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Sparifé:** | | | | | |
| Landsbanki | 633,7 | 780,2 | 968,3 | 1.217,5 | 1.523,5 |
| Útvegsbanki | 311,2 | 375,0 | 442,3 | 559,8 | 643,5 |
| Búnaðarbanki | 224,5 | 279,4 | 351,0 | 439,7 | 514,7 |
| Iðnaðarbanki | 76,4 | 94,5 | 119,9 | 152,6 | 197,4 |
| Verzlunarbanki | 94,6 | 112,4 | 165,7 | 240,1 | 295,7 |
| Samvinnubanki | 37,6 | 30,6 | 54,7 | 93,8 | 124,6 |
| Samtals | 1.378,0 | 1.672,1 | 2.101,9 | 2.703,5 | 3.299,4 |
| 4 stærstu sparisjóðir | 224,6 | 258,4 | 320,1 | 397,9 | 452,8 |
| Aðrir sparisjóðir | 226,0 | 264,1 | 321,2 | 413,5 | 487,0 |
| Sparifé alls | 1.828,6 | 2.194,6 | 2.743,2 | 3.514,9 | 4.239,2 |
| **Veltiinnlán:** | | | | | |
| Landsbanki | 354,7 | 388,2 | 546,3 | 630,8 | 479,5 |
| Útvegsbanki | 228,4 | 176,6 | 207,3 | 204,6 | 226,7 |
| Búnaðarbanki | 95,3 | 86,9 | 100,2 | 152,1 | 161,0 |
| Iðnaðarbanki | 42,2 | 39,0 | 44,4 | 51,1 | 72,3 |
| Verzlunarbanki | 58,9 | 58,5 | 72,2 | 79,2 | 91,7 |
| Samvinnubanki | — | 11,7 | 20,5 | 34,1 | 52,3 |
| Samtals | 779,5 | 760,9 | 990,9 | 1.151,9 | 1.083,5 |
| 4 stærstu sparisjóðir | 21,5 | 13,5 | 22,2 | 36,0 | 36,2 |
| Aðrir sparisjóðir | 16,4 | 15,9 | 21,0 | 26,0 | 30,5 |
| Veltiinnlán alls | 817,4 | 790,3 | 1.034,1 | 1.213,9 | 1.150,2 |
| **Útlán:** | | | | | |
| Landsbanki | 1.893,3 | 1.946,8 | 2.086,1 | 2.292,5 | 2.606,4 |
| (þar af erl. víxlar endurl.) | — | — | — | (171,4) | (166,2) |
| Útvegsbanki | 880,0 | 987,0 | 991,1 | 1.005,8 | 1.155,6 |
| Búnaðarbanki | 382,4 | 447,3 | 460,3 | 544,1 | 601,4 |
| Iðnaðarbanki | 123,5 | 136,6 | 162,2 | 189,9 | 247,3 |
| Verzlunarbanki | 136,9 | 155,5 | 212,7 | 272,1 | 323,7 |
| Samvinnubanki | 33,2 | 39,2 | 61,0 | 116,2 | 151,1 |
| Samtals | 3.449,3 | 3.712,4 | 3.973,4 | 4.420,6 | 5.085,5 |
| 4 stærstu sparisjóðir | 244,0 | 255,3 | 302,5 | 363,8 | 408,7 |
| Aðrir sparisjóðir | 205,7 | 229,0 | 272,0 | 348,5 | 401,2 |
| Útlán alls | 3.899,0 | 4.196,7 | 4.547,9 | 5.132,9 | 5.895,4 |

# 2. Starfsemi Seðlabankans

Í fyrra hluta þessarar skýrslu er rætt um efnahagsþróunina á árinu 1963 og þann þátt í starfsemi Seðlabankans, sem varðar stefnuna í peningamálum og efnahagsmálum almennt. Í þessum síðara hluta skýrslunnar verður hins vegar gerð nánari grein fyrir starfsemi Seðlabankans á árinu 1963 og þar á meðal rakin einstök atriði í ársreikningum bankans.

*FYRIRGREIÐSLA VEGNA FRAMKVÆMDAÁÆTLUNAR.* Í framhaldi af samkomulagi ríkisstjórnarinnar við viðskiptabankana og stærstu sparisjóðina um, að þeir legðu fram 15% af aukningu innlána á árinu 1963 til framkvæmda innan ramma framkvæmdaáætlunarinnar, tók Seðlabankinn að sér að annast innheimtu þessa fjár og sjá um endurlán þess til hinna ýmsu framkvæmda. Eru lánin veitt til 15 ára með 9,5% vöxtum. Í heild námu þessi framlög af innlánaaukningu ársins 1963 80,9 millj. kr. Var í árslok búið að ráðstafa samtals 58,7 millj. kr. af þessu fé, og hafði það gengið til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Keflavíkurvegar, skólabygginga, laxeldisstöðvar í Kollafirði og fóður- og fræframleiðslu í Gunnarsholti.

*REGLUR UM INNSTÆÐUBINDINGU.* Hinn 3. apríl 1963 ákvað bankastjórn Seðlabankans að breyta nokkuð reglunum um bindiskyldu innlánsstofnana. Var þessi breyting gerð jafnhliða því sem samið var við viðskiptabankana og nokkra sparisjóði um ráðstöfun á 15% af innlánsaukningu til sérstakra útlána, eins og að framan er getið. Aðalbreytingin er í því fólgin, að bindiskylda vegna innlánsaukningar var lækkuð úr 30% í 25%, og jafnframt var lágmarksbindiskylda lækkuð úr 3% í 2% af heildarinnstæðu. Jafnframt var sú breyting gerð á greiðsluskyldu vegna innlánsaukningar, að þær innlánsstofnanir, sem hafa 75 millj. kr. heildarinnstæðu eða meira, greiða nú bindinguna mánaðarlega, þannig að bindiskylda hvers mánaðar greiðist innan 15. dags næsta mánaðar. Þær stofnanir, sem hafa minna en 75 millj. kr. heildarinnstæðu, greiða eins og áður ársfjórðungslega hina bindiskyldu fjárhæð til Seðlabankans. Lágmarksbindingin er greidd hálfsárslega. Stofnanir, sem hafa ekki meira en 15 millj. kr. hámarksinnlán, hafa heimild til að greiða bindinguna, hvort heldur er vegna lágmarks- eða hámarksbindingar, í verðbréfum, sem bankinn telur gild.

*ÁVÍSANAUPPGJÖR.* Í febrúarmánuði 1962 var að frumkvæði Seðlabankans gerð sú breyting á reglum Samvinnunefndar banka og sparisjóða

um ávísanaviðskipti, að ákveðið var, að allar innstæðulausar ávísanir, sem bankarnir eignast, skyldu innheimtar með fullum innheimtutaxta lögmanna og að öðru leyti skyldi tekið harðar en áður á misferli við útgáfu ávísana. Hinn 9. nóvember sl. var framkvæmt skyndiuppgjör á ávísanaskiptum samkvæmt ákvörðun bankastjórnar Seðlabankans. Leiddi þetta uppgjör í ljós, að meira var um innstæðulausar ávísanir en búizt hafði verið við, þar sem fjöldi innstæðulausra ávísana reyndist vera 210, að upphæð samtals 5,8 millj. kr. Að þessu uppgjöri loknu tók Seðlabankinn að sér innheimtu hinna innstæðulausu ávísana, og var innheimtan framkvæmd samkvæmt reglum samvinnunefndar og meðal annars innheimt með fullum innheimtutaxta lögmanna. Eftir reynslu af þessu fyrsta skyndiuppgjöri er ríkjandi áhugi fyrir því að framkvæma slíkt uppgjör öðru hverju til aukins aðhalds við útgáfu ávísana, og fór annað slíkt uppgjör fram 21. febrúar 1964, og komu þar fram 129 innstæðulausar ávísanir samtals að upphæð 1,4 millj. kr.

*REIKNINGSHREYFINGAR.* Í árslok 1963 var niðurstöðutala á efnahagsreikningi Seðlabankans 3.622,6 millj. kr., en var í árslok 1962 3.573,1 millj. kr. og hafði því hækkað um 49,5 millj. kr., sem er mun minni hækkun en árið áður, en þá hækkaði niðurstöðutala efnahagsreiknings um 237,2 millj. kr. Hér á eftir verður getið helztu hreyfinga á reikningum bankans á árinu og ýmsar tölulegar breytingar raktar nánar en í kaflanum um peningamál hér að framan og því óhjákvæmilegt, að nokkurra endurtekninga gæti.

Erlendar eignir Seðlabankans, að meðtalinni gulleign bankans og gullframlagi til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, námu 1.624,5 millj. kr. í árslok 1963, en í árslok 1962 voru þær 1.630,5 millj. kr. og hafa því lækkað um 6,0 millj. kr. Inneign hjá erlendum bönkum í frjálsum gjaldeyri jókst á árinu um 30,1 millj. kr. og nam í árslok 282,9 millj. kr., og inneign í vöruskiptagjaldeyri jókst um 18,7 millj. kr. Erlend verðbréfaeign bankans lækkaði á árinu um 44,0 millj. kr., en undanfarin tvö ár hafði erlend verðbréfaeign bankans aukizt mjög mikið. Í árslok 1963 átti bankinn bandarísk og önnur dollaraverðbréf að upphæð 10,7 millj. dollara, brezk verðbréf að upphæð 4,7 millj. sterlingspund og 7,0 millj. s. kr. í sænskum ríkisskuldabréfum. Samtals eru þetta 1.018,4 millj. kr.

Erlendir skuldaliðir bankans námu alls 273,7 millj. kr. í árslok 1963 og höfðu lækkað um 168,1 millj. kr. á árinu. Af þessum 273,7 millj. kr. eru 180,7 millj. kr. lán til langs tíma, en það eru skuld við E. P. U., sem nam 100,2 millj. kr. í árslok og hafði lækkað um 47,5 millj. kr., rússneskt yfirdráttarlán, en það nam 38,3 millj. kr. í árslok og hafði lækkað um 5,5 millj. kr. á árinu, og að lokum lán frá Kreditanstalt für Wiederaufbau í Þýzkalandi að upphæð 42,2 millj. kr. Er það nýr liður á reikningum bankans, en Seðlabankinn samdi um þessa lántöku á árinu 1962, og er nánar frá henni skýrt í síðustu ársskýrslu. Andvirði lánsins endurlánar Seðlabankinn Rafmagnsveitum ríkisins. Skuldir við erlenda banka í frjálsum gjaldeyri hækkuðu um 6,6 millj. kr. á árinu og námu 37,6 millj. kr. í árslok, en skuldir

í vöruskiptagjaldeyri, aðrar en rússneska yfirdráttarlánið, lækkuðu um 43,0 millj. kr. og námu 55,4 millj. kr. í árslok 1963. Á árinu 1960 var tekið yfirdráttarlán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, 6,8 millj. dollara. Af því voru endurgreiddar 4 millj. dollara á árinu 1962, en eftirstöðvarnar, 2,8 millj. dollara eða 120,9 millj. kr., voru endurgreiddar í janúar 1963. Ef frá eru skilin erlend lán til langs tíma, sem námu 180,7 millj. kr., eins og að framan getur, en bætt við þeirri innstæðu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem er umfram kvótaframlagið í íslenzkum krónum, var nettógjaldeyriseign Seðlabankans í árslok 1.530,6 millj. kr. og hafði aukizt um 152,0 millj. kr. á árinu 1963, en árið áður jókst hún um 820,7 millj. kr.

Hlaupareikningsskuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana námu 76,7 millj. kr. í árslok og höfðu lækkað úr 135,8 millj. kr. í ársbyrjun eða um 59,1 millj. kr., þar af er þó aðeins um að ræða tilfærslu á 38,3 millj. kr., sem eru eftirstöðvar af mótvirði rússneska yfirdráttarlánsins og nú er talið í liðnum endurlánað erlent lánsfé, en var áður tilfært á hlaupareikningi. Raunveruleg lækkun er því 20,8 millj. kr. Hámarki náðu skuldirnar í maílok 176,6 millj. kr., og varð munur á hæstu og lægstu skuld 99,9 millj. kr., en var 117,6 millj. kr. árið áður. Aðalviðskiptareikningur ríkissjóðs var skuldlaus í árslok þriðja árið í röð, og var innstæða á honum í árslok 64,7 millj. kr., en var 86,2 millj. kr. í árslok 1962. Miðað við mánaðarlok var innstæða á reikningnum nema í janúar og maí, og náði skuldin hámarki í maílok 52,1 millj. kr., en innstæðan náði hámarki í nóvemberlok 118,1 eða 170,2 millj. kr. sveifla, sem er svipað og árið áður. Innstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana námu 517,4 millj. kr. í árslok 1963 og höfðu aukizt um 147,6 millj. kr. á árinu. Reikningsstaða ríkissjóðs og ríkisstofnana var því hagstæð í árslok um 440,7 millj. kr. eða 206,7 millj. kr. betri en í ársbyrjun. Hér er hins vegar ekki um að ræða mælikvarða á heildarstöðu ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum, þar sem hreyfingar verða einnig á öðrum liðum.

Mótvirðisinnstæður vegna vörukaupalána í Bandaríkjunum, sem taldar eru með í liðnum „aðrir reikningar" undir innstæðum á hlaupareikningum, lækkuðu mjög mikið á árinu eða um 75,2 millj. kr. og námu í árslok 65,4 millj. kr.

Annað mótvirðisfé nam í árslok 264,7 millj. kr. og jókst á árinu um 14,1 millj. kr. Af lokuðum reikningi Framkvæmdabankans voru greiddar 3,6 millj. kr. eins og venjulega, en liðurinn „mótvirðissjóður 1961" hækkaði um 17,7 millj. kr. og nam 214,8 millj. kr. í árslokin. Inn á þennan reikning eru færð 90% af mótvirði 6 millj. dollara óafturkræfs framlags, sem Bandaríkjastjórn ákvað í árslok 1960 að veita Íslendingum. Í árslok 1963 var búið að nota um 5,8 millj. dollara af framlaginu.

